



cutting through complexity™

Áhrif fiskmarkaða á fiskverð

Áhrif af hærra fiskverði á hafnarsjóði og útsvarstekjur sveitarfélaga

Fyrirtækjasvið

14. nóvember 2012



Efnisyfirlit

	bls.
Megin niðurstöður	3
Um verkefnið	4
Núverandi staða	5
Áhrif	10
Um fiskmarkaði	15
Útsvar	16
Viðaukaefni	

Fyrirvari

- Meðfylgjandi samantekt er unnin af fyrirtækjasviði KPMG ehf., að beiðni stjórnar Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ), um að meta áhrif á einstaka hafnarsjóði ef bolfiskur sem veiddur er við Ísland verði seldur á opnum fiskmarkaði. Jafnframt var óskað skoðunar á því hver hugsanleg áhrif þessarar aðgerðar yrðu á heildarútsvar. Framkvæmd úttektarinnar og áhersluatriði eru í samræmi við fyrirbyggjandi ráðningarsamning dags 9. október 2012.
- Vinna okkar fór fram á tímabilinu 9. október til 15. nóv. 2012. Við höfum ekki uppfært skýrslu okkar í samræmi við atburði eða aðstæður sem eiga sér stað eftir þá dagsetningu. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöðu skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.
- Vinna okkar er byggð á opinberum upplýsingum og eigin gögnum. Jafnframt aflaði KPMG upplýsinga frá ýmsum opinberum aðilum, eins og Fiskistofu, Hagstofu Íslands og Hafnasambandi Íslands. KPMG ber ekki ábyrgð á réttmæti allra þessara upplýsinga þar sem við höfum ekki staðfest áreiðanleika þeirra með neinum hætti.
- Ekki var framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra ytri gagna sem stuðst var við en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. Athygli lesenda skýrslunnar er vakin á að slík könnun eða villa í heimildum gætti leitt til annarrar niðurstöðu um verkefnið. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem þannig er aflað né að þær séu tæmandi.
- Gert er ráð fyrir að skýrsla KPMG verði birt opinberlega eftir að hún hefur verið afhent SFÚ formlega og gerir KPMG ekki athugasemdir við það.
- KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar kunna að vera á grundvelli skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er hjá þeim aðilum er að málinu kunna að koma.
- Starfsmenn KPMG sem að verkefninu koma eiga engra fjárhagslegra hagsmuna að gæta hjá SFÚ eða einstökum aðildarfélögum þess, né njóta beins fjárhagslegs ávinnings af því að tillögum KPMG verði fylgt eftir. KPMG fær greitt fyrir verkefnið í samræmi við unnar vinnustundir.

Í tengslum við þessa skýrslu má hafa samband við:

Benedikt K. Magnússon

Fyrirtækjasvið

Partner, Reykjavík

KPMG Ísland

bmagnusson@kpmg.is

Flosi Eiríksson

Fyrirtækjasvið

Senior Manager, Reykjavík

KPMG Ísland

feiriksson@kpmg.is

Þórður Jónsson

Fyrirtækjasvið

Senior Manager, Reykjavík

KPMG Ísland

thordurjonsson@kpmg.is

Tel +354 545 6000

Fax +354 545 6001

Megin niðurstöður

Helstu niðurstöður	Atriði
Aðferðafræði og lykilforsendur	<ul style="list-style-type: none">■ Skoðað er verð á fjórum bolfisktegundum; þorski, ýsu, ufsa og karfa.■ Þar sem borið er saman verð í beinum viðskiptum milli aðila samkvæmt Verðlagsstofu skiptaverðs og verð á fiskmörkuðum.■ Gert er ráð fyrir að verð haldist óbreytt á markaði þó allur fiskur fari á markað.■ Gert er ráð fyrir að 38% af aflaverðmæti renni til sjómanna.
Þróun á aflagjaldi	<ul style="list-style-type: none">■ Aflagjald hefur hækkað um 107% frá árinu 2007 þrátt fyrir að heildarafli hafi minnkað um 18% á sama tímabili.■ Verðhækkun má helst rekja til gengisþróunar krónunnar árið 2008 og hærra afurðaverðs.
Lykiltölur fyrir hafnarsjóði	<ul style="list-style-type: none">■ Heildartekjur hafnarsjóða árið 2011 voru um 6.401 m.kr.■ Aflagjald var 1.822 m.kr. og nemur hlutfall aflagjalds í tekjum hafna 28%.
Áhrif á hafnarsjóði og hafnarsamlög	<ul style="list-style-type: none">■ Tekjur hafnarsjóða og hafnasamlaga hefðu verið um 277,9 m.kr. hærri árið 2011 með fjórar helstu tegundir bolfisks, ef viðskipti með þær, í samræmi við ofangreint, hefðu farið fram á markaði, eða 1.358 m.kr.■ Aflagjöld af þorski, ýsu, ufsa og karfa hefðu hækkað um u.þ.b. 25%.■ Áhrifin eru mest á suðvestur horni landsins þar sem aflagjöld hækka um tæpar 119 m.kr.
Áhrif á útsvar sveitarfélaga	<ul style="list-style-type: none">■ Hækkun á aflaverðmæti leiðir til hærri launa sjómanna og hærri útsvars.■ Meðalútsvar sveitarfélaganna er 14,41%.■ Sveitarfélögin hefðu ef miðað er við það fengið tæpum milljarði meira í útsvarstekjur árið 2011.


Um verkefnið Hlutverk KPMG

Bakgrunnur verkefnisins

- Verðmyndun á sjávarfangi hefur mikið verið til umræðu þegar er fjallað er um sjávarútvegsfélaga almennt og fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar.
- SFÚ hafa sett fram í þeirri umræðu þau sjónarmið að viðskipti með sjávarafli ættu að mestu leyti að fara í gegnum opinberan fiskmarkað. Slíkt fyrirkomulag myndi að þeirra mati jafna samkeppnisstöðu fiskverkenda, auka gagnsæi í verðmyndum og leiða til hærra fiskverðs.
- Að þeirri forsendu gefinni að fiskverð hækki við það að stærri hluti af afla fer um markað mun það væntanlega leiða til meiri tekna fyrir hafnarsjóði þar sem hluti gjalda þeirra eru lögð á aflaverðmæti.
- Hærra fiskverð myndi líka hafa áhrif á heildartekjur sjómanna til hækunar sem myndu leiða til þess að útsvarstekjur sveitarfélaga myndu hækka samsvarandi.
- SFÚ hyggst styðjast við úttekt KPMG í opinberri umræðu og leggja þannig sitt af mörkum til að stuðla að efnislegri umræðu um málefni sjávarútvegsins í landinu.

Verkefnið og hlutverk KPMG

- Hlutverk KPMG er að vinna úttekt fyrir SFÚ, þar sem borin eru saman annars vegar núverandi hafnargjöld, byggt á opinberum tölum, og hins vegar möguleg hafnargjöld ef viðskipti með helstu bolfisktegundir færu um fiskmarkað.
- Í úttekt KPMG er byggt á tölum um fjórar bolfisktegundir; þorsk, ýsu, ufsa og karfa en þessar tegundir eru um 83% af öllum bolfisksafla (í tonnum talið).
- Til þess að gera skýra grein fyrir mögulegum áhrifum eru settar fram næmnitöflur sem sína áhrif af breytingum á einstökum forsendum.
- Þá verður lagt mat á áhrif á útsvarstekjur sveitarfélaga í heild sinni. Slík áhrif verða ekki brotin niður á einstök sveitarfélög.
- KPMG hefur ekki lagt sjálfstætt mat á möguleg áhrif á breytingum á verðmyndun og einskorðast vinna KPMG við úrvinnslu, útreikning og framsetningu á þeim forsendum sem hér eru lagðar til grundvallar.



Núverandi staða Hafnarsjóðir – tekjur og aflagjald

Tekjur hafna

- Um starfsemi hafna gilda hafnarlög (Lög nr. 61/2003). Í lögnum er meðal annars tekið á því hvernig tekjum hafna skuli háttað og hvaða tekjustofnar liggja þar til grundvallar.
- Í 17. gr. laganna er tekið á einstökum þáttum í tekjum hafna en gert er ráð fyrir að hafnarstjórnir setji sérstaka reglugerð sem m.a. inniheldur gjaldskrá hafna. Reglugerðin byggir á hafnalögum og skal staðfestast af ráðherra.
- Í lið 1.e. segir að hafnir skuli fá aflagjald af sjávarafurðum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfnum.
- Sé veiðigjald innheimt skal það vera minnst 1,25% og mest 3,00% af heildaraflaverðmæti sjávarafurða (minnst þó 0,70% af frystum sjávarafurðum).
- Verð á sjávarafli ræður þ.a.l. hverjar mögulegar tekjur hafna af sjávarfangi verða.
- Heildartekjur allra hafna árið 2011 voru 6.401 m.kr., þar af voru tekjur af aflagjaldi 1.822 m.kr. eða 28,5% af heild.




Mynd: Skýrsla stjórnar Hafnarsambands Íslands 2010-2012

Núverandi staða Umsvif á fiskmörkuðum

Fiskmarkaðir


- Fiskmarkaðir í núverandi mynd hafa verið starfræktir hér á landi í á þriðja áratug.
- Allir fiskmarkaðir á Íslandi eru samtengdir í einu miðlægu tölvukerfi gegnum Reiknistofu Fiskmarkaða (RSF), sem felur í sér að hægt er að kaupa fisk hvar sem er á landinu.
- RSF tengir 14 fiskmarkaði á 28 stöðum á landinu saman í eitt uppboðsnet og heldur fiskuppboð þar sem 200 - 300 kaupendur kaupa fisk á rafrænum markaði.
- Á undangengnum árum hefur heldur aukist það magn sem fer um fiskmarkaði en virkum kaupendum hefur fækkað.
- Stærsti fiskmarkaðurinn með um 50% veltunnar er Fiskmarkaður Íslands.
- Frá 2003 hefur virkum kaupendum á fiskmarkaði fækkað úr 380 í 230 eða um 150 kaupendur. Leiða má að því líkur að ótryggt framboð og hátt verð hafi leitt til þessarar fækkunar fiskkaupenda.
- Í töflunni hér til hliðar má sjá annars vegar þróun heildarafla í bolfiski síðan 2001 og hins vegar aflaverðmæti sömu tegunda. Verðmæti aflans hefur aukist umtalsvert á tímabilinu þó bolfiskaflinn hafi dregist saman um rúmlega 100 þúsund tonn frá því þegar mest var veitt árið 2006.

Fjöldi fiskkaupenda sem kaupa meira en:



Heimild: Fiskistofa og greining KPMG.

Afli og verðmæti bolfisks




Heimild: Hagstofa Íslands

■ Verðmæti ■ Tonn

Núverandi staða Þróun viðskipta með einstakar tegundir 2009 - 2011

- Hér til hliðar er sett fram með myndrænum hætti hvernig viðskipti með þorsk, ýsu, ufsa og karfa hafa farið fram nýliðin 3 ár.
- Hluti þorskafla sem seldur er í beinum viðskiptum fer vaxandi (59,5% í 64,5%).
- Hlutfall ýsu sem seld er á markaði hefur á sama árabili vaxið úr 29,1% í 33,1%. Athygli vekur hve bein viðskipti hafa aukist á þessu tímabili.
- Hlutfall sjófrystingar í ýsu afla hefur dregist mjög mikið saman og hefur samsvarandi þróun verið í karfa.
- Bent hefur verið á að karfi seldur í beinum viðskiptum fari að einhverju leyti í gegnum sölukerfi fiskmarkaða og eru seljendur þá að nýta sér greiðsluábyrgðir kaupenda sem þar eru til staðar.

Skipting heildarafla eftir magni




Heimild: Hagtíðindi: Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2011


Núverandi staða Heildarafli og aflagjald

- Í töflunum hér til hliðar má sjá annars vegar hvernig heildarafli á Íslandsmiðum hefur verið að þróast og hins vegar samsvarandi breytingar á aflaverðmæti.
- Aflagjald sem innheimt er í íslenskum höfnum endurspeglar þessa þróun en KPMG hefur tekið saman þróun á heildaraflagjaldi fyrir árin 1999, sjá mynd hér að neðan.
- Eins og sjá má hefur heildaraflagjald vaxið mjög frá árinu 2006 og helst það í hendur við aukið aflaverðmæti í heild sinni. Aukning á aflaverðmæti skýrist af tvennu; vöruþróun og frekari fullvinnslu sem leiðir til aukinna verðmæta svo og gengisþróunar.

Aflagjald 1999-2011 á verðlagi ársins 2011




Aflagjald 1999-2011 á verðlagi hvers árs




Heimild: Hagstofa Íslands

Afli og verðmæti, allar tegundir



Heimild: Hagstofa Íslands

Gengisþróun EUR



Heimild: Seðlabanki Íslands

Núverandi staða Tekjur hafnarsjóða

Hafnarsjóðir 2011

- Á árinu 2011 voru heildartekjur af þeim 35 höfnum eða hafnasamlögum sem skoðuð voru alls 6.401 m.kr.
- Af þeirri fjárhæð voru 1.822 m.kr. tilkomnar vegna aflagjalda sem reiknuð eru sem hlutfall af verðmæti landaðs sjávarafla eða 28,5% af tekjum.
- Aflagjald er á bilinu 1,2 – 1,6%, en má skv. lögum vera allt að 3,0%. Þrjár stærstu hafnir landsins eru með lægstu aflagjaldsprósentuna.
- Frystiskip greiða frá 0,7% í aflagjald.
- Byggt á þessum tölum var heildarverðmæti þess afla sem greitt var aflagjald af 128.098 m.kr.
- Heildarverðmæti sjávarafla sem landað var í íslenskum höfnum árið 2011 var skv. vigtarskýrslum 153.000 m.kr.
- Munurinn á útreiknuðu aflaverðmæti samkvæmt aflagjaldi og aflaverðmæti samkvæmt vigtarskýrslu skýrist að stærstum hluta af afla frystiskipa og staðbundinna afslátta.
- Eins og sjá má eru aflagjöld í fimm stærstu höfnunum 937,7 m.kr. Þær hafa því ríflega 51% af öllum innheimtum aflagjöldum.
- Aflagjald er einn af tekjustofnum hafna og vega mismikið í heildartekjum þeirra. Aflagjald vegur þyngst í tekjum þeirra hafna þar sem ekki eru umtalsverðir almennir vöruflutningar um höfnina.

Heildartekjur og aflagjald eftir höfnum árið 2011

Höfn (m.kr.)	Heildartekjur	Aflaverðmæti	Aflagjalds- prósenta	Aflagjald
Faxaflóahafnir	2.451	20.756	1,27%	264
Fjarðabyggðarhafnir	704	18.587	1,26%	234
Vestmannaeyjahöfn	440	14.875	1,28%	190
Grindavíkurhöfn	176	8.031	1,60%	129
Hafnir Snæfellsbæjar	176	7.538	1,60%	121
Hafnarfjarðarhöfn	412	5.780	1,27%	73
Hornafjarðarhöfn	147	4.081	1,60%	65
Hafnasamlag Norðurl.	292	3.819	1,60%	61
Hafnir Fjallabyggðar	87	3.725	1,60%	60
Bolungarvíkurhöfn	78	3.556	1,60%	57
Hafnir Ísafjarðarbæjar	129	3.720	1,50%	56
Sandgerðishöfn	95	3.006	1,60%	48
Vopnafjarðarhöfn	88	3.329	1,40%	47
Þorlákshöfn	118	3.264	1,40%	46
Grundarfjarðarhöfn	74	3.086	1,39%	43
Skagafjarðarhafnir	75	2.650	1,60%	42
Hafnir Dalvíkurbyggðar	67	2.556	1,60%	41
Skagastrandarhöfn	54	2.513	1,60%	40
Reykjaneshöfn	280	2.081	1,60%	33
Hafnir Langanesbyggðar	74	2.143	1,40%	30
Hafnir Norðurþings	70	1.781	1,60%	29
Aðrar hafnir (14)	316	7.221		114
Samtals	6.401	128.098		1.822

Heimild: Hagtíðindi: Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2011; Greining KPMG

Ath. Þessi tafla inniheldur heildarafla (þ.e. allar fiskitegundir).

Áhrif Allur fiskur á markað

Fiskur á markað


- Við vinnslu þessarar skýrslu var eingöngu litið til þess hvaða áhrif verðbreytingar myndu hafa með tilliti til þorsks, ýsu, ufsa og karfa. Ekki er tekið tillit til annarra fisktegunda.
- Árið 2011 voru seld alls 83.343 tonn af þorsk, ýsu, ufsa og karfa á fiskmarkaði, en það eru um 7,25% heildarafla á Íslandsmiðum, en 20,6% af öllum botnfiskafla Íslendinga árið 2011.
- Annar afli var þ.a.l. seldur í beinum viðskipti milli aðila eða fluttur óunninn út í gámum.

Verðtafla

Til þess að finna út viðmiðunarverð við útreikninga var stuðst við meðalverð verðlagsstofuverðs í beinum viðskiptum, bæði fyrir slægðan og óslægðan fisk. Reiknað var út meðalverð yfir árið en verð er misjafnt eftir mánuðum. Með því að notast við vegið meðalverð er leitast við að gefa sem besta mynd af markaðnum.


- Útskýring á verði þorsks:
 - Samkvæmt upplýsingum Verðlagsstofu skiptaverðs var meðalverð á fiskmarkaði á **óslægðum** þorski 311,48 kr./kg. árið 2011. Meðalverð á **slægðum** þorski árið 2011 var 351,63 kr./kg. **Vegið meðalverð** út frá magni slægðs og óslægðs þorsks er því **323,86** kr./kg.
 - Samsvarandi verð frá Verðlagstofu skiptaverðs, sem endurspeglar verð í beinum viðskiptum eru 246 kr./kg. fyrir óslægðan, 271 kr./kg. fyrir slægðan og vegið meðalverð því 264 kr./kg.
- Samsvarandi útreikningar voru gerðir fyrir ýsu, ufsa og karfa.
- Kostnaður seljenda er 2 – 3,5% af söluverði eftir mörkuðum.

Verð á kg. á þorski á fiskmarkaði



Heimild: Hagtíðindi: Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2011 og greining KPMG

Verðtafla



Heimild: KPMG greining

Áhrif Allur fiskur á markað

- Útreikningar í töflum eiga eingöngu við um þorsk, ýsu, ufsa og karfa.
- Miðað við forsendurnar hér að framan hefði heildaraflaverðmæti aukist um 18.890 m.kr. og orðið 92.004 m.kr. ef þessar fjórar tegundir hefðu farið í gegnum fiskmarkað og verð á fiskmarkaði haldist óbreytt.
- Að sama skapi hefði aflagjald hækkað og skilað hafnarsjóðum landsins um 277,9 m.kr. hærri tekjum en ella.
- M.v. þessar forsendur má draga þá ályktun að heildaraflgjöld allra hafna landsins árið 2011, fyrir þessar fjórar tegundir, hefðu getað orðið 1.358 m.kr. í stað 1.080 m.kr.

Helstu forsendur og aðferðafræði

- Reiknað er út fyrir fjórar tegundir bolfisks; þorsk, ýsu, ufsa og karfa.
- Landaður tonnafjöldi þessara tegunda, í hverri höfn, er þekktur.
- Heildaraflgjöld hveurrar hafnar, fyrir allan landaðan afla, eru þekkt.
- Út frá því má reikna aflaverðmæti hveurrar hafnar út frá álagningarprósentu hennar. Ekki eru metin áhrif afsláttu ef þeim er til að dreifa.
- Þekkt eru meðalverð á fiskmarkaði fyrir hverja tegund um sig sem og meðalverð í beinum viðskiptum.

Heildartekjur og aflagjald eftir höfnum byggt á verði fiskmarkaða

Höfn (þús.kr.)	Aflaverðmæti f. hækkun	Hækkun afla-verðmætis*	Aflaverðmæti e. hækkun	Aflagjalds-prósenta	Aflagjald f. hækkun	Hækkun aflagjalds	Aflagjald e. hækkun
Faxaflóahafnir	11.797.266	3.245.098	15.042.364	1,27%	149.825	41.213	191.038
Fjarðabyggðarhafnir	4.024.087	1.025.133	5.049.220	1,26%	50.703	12.917	63.620
Vestmannaeyjahöfn	4.202.555	1.200.941	5.403.496	1,28%	53.793	15.372	69.165
Grindavíkurhöfn	6.290.657	1.626.433	7.917.090	1,60%	100.651	26.023	126.673
Hafnir Snæfellsbæjar	5.124.074	1.266.489	6.390.564	1,60%	81.985	20.264	102.249
Hafnarfjarðarhöfn	2.113.880	563.107	2.676.987	1,27%	26.846	7.151	33.998
Homafjarðarhöfn	1.516.708	389.471	1.906.179	1,60%	24.267	6.232	30.499
Hafnasamlag Norðurl.	4.588.067	1.151.108	5.739.175	1,60%	73.409	18.418	91.827
Hafnir Fjallabyggðar	3.585.129	905.199	4.490.328	1,60%	57.362	14.483	71.845
Bolungarvíkurhöfn	2.685.815	653.643	3.339.459	1,60%	42.973	10.458	53.431
Hafnir Ísafjarðarbæjar	3.022.318	759.502	3.781.819	1,58%	47.753	12.000	59.753
Sandgerðishöfn	3.030.445	773.815	3.804.259	1,60%	48.487	12.381	60.868
Vopnafjarðarhöfn	146.926	37.667	184.593	1,40%	2.057	527	2.584
Þorlákshöfn	2.785.239	800.632	3.585.871	1,40%	38.993	11.209	50.202
Grundarfjarðarhöfn	2.141.779	530.168	2.671.947	1,39%	29.771	7.369	37.140
Skagafjarðarhafnir	2.263.591	567.418	2.831.009	1,60%	36.217	9.079	45.296
Hafnir Dalvíkurbyggðar	2.563.400	612.054	3.175.454	1,60%	41.014	9.793	50.807
Skagastrandarhöfn	2.453.664	632.308	3.085.972	1,60%	39.259	10.117	49.376
Reykjaneshöfn	1.232.784	288.850	1.521.634	1,60%	19.725	4.622	24.346
Hafnir Langanesbyggðar	406.307	99.359	505.666	1,40%	5.688	1.391	7.079
Hafnir Norðurþings	1.415.905	361.788	1.777.693	1,60%	22.654	5.789	28.443
Aðrar hafnir (14)	5.460.962	1.334.534	6.795.496	1,55%	86.466	21.116	107.582
Samtals	72.851.557	18.824.718	91.676.275		1.079.899	277.923	1.357.822

Heimild: Hagfjóndi: Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2011, og greining KPMG

ATH: Þessi tafla inniheldur eingöngu tölur og breytingar á þorski, ýsu, ufsa og karfa. Hér eru aðrar fiskitegundir ekki teknar með. (Sjá dæmi á næstu glæru).

Áhrif Dæmi um útreikning

- Hér fyrir neðan er sýnt dæmi um útreikninga fyrir Faxaflóahafnir
- Í efri töflunni eru sýndar tölur fyrir aflaverðmæti og aflagjöld miðað við að aflaverðmæti miðist við verðlagstofuverð. Aflagjöld skv. þessu eru 150 m.kr. af þeim fjórum bolfisktegundum sem byggt er á.
- Í neðri töflunni er sýnt á samsvarandi hátt hvert aflaverðmæti og aflagjöld hefðu verið miðað við að viðskiptin hefðu farið fram á uppboðsmarkaði. Þá hefðu aflagjöld orðið 191 m.kr. sem felur í sér um 41 m.kr hækkun.


Faxaflóahafnir - Raun 2011					
	Magn (tonn)	Verðlagsstofu- verð (kr./kg.)	Samtals (þús.kr.)	Aflagjalds%	Aflagjöld (þús.kr.)
Þorskur	19.078	264	5.036.592	1,27%	63.965
Ýsa	5.396	214	1.154.744	1,27%	14.665
Ufsi	15.700	136	2.135.200	1,27%	27.117
Karfi	19.000	183	3.470.730	1,27%	44.078
Annað	89.060	0	0	1,27%	0
Samtals	148.234		11.797.266		149.825

Heimild: Hagtíðindi: Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2011, og greining KPMG

Faxaflóahafnir					
	Magn (tonn)	Markaðsverð (kr./kg.)	Samtals (þús.kr.)	Aflagjalds%	Aflagjöld (þús.kr.)
Þorskur	19.078	324	6.181.272	1,27%	78.502
Ýsa	5.396	277	1.494.692	1,27%	18.983
Ufsi	15.700	194	3.045.800	1,27%	38.682
Karfi	19.000	227	4.320.600	1,27%	54.872
Annað	89.060	0	0	1,27%	0
Samtals	148.234		15.042.364		191.038


Heimild: Hagtíðindi: Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2011, og greining KPMG

Verð á kg.



Heimild: Hagtíðindi: Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2011, og greining KPMG

Aflagjöld



Heimild: Hagtíðindi: Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2011, og greining KPMG

Áhrif Dæmi um hafnir og útreikning

Eins og staðan er í dag

Fjarðabyggðarhafnir					
	Magn (tonn)	Verðlagsstofu- verð (kr./kg.)	Samtals (þús.kr.)	Aflagjalds%	Aflagjöld (þús.kr.)
Þorskur	11.499	264	3.035.736	1,26%	38.250
Ýsa	1.556	214	332.984	1,26%	4.196
Ufsi	3.105	136	422.280	1,26%	5.321
Karfi	1.276	183	233.087	1,26%	2.937
Annað	239.960	0	0	1,26%	0
Samtals	257.396		4.024.087		50.703

Vestmannaeyjahöfn					
	Magn (tonn)	Verðlagsstofu- verð (kr./kg.)	Samtals (þús.kr.)	Aflagjalds%	Aflagjöld (þús.kr.)
Þorskur	8.636	264	2.279.904	1,28%	29.183
Ýsa	1.811	214	387.554	1,28%	4.961
Ufsi	7.806	136	1.061.616	1,28%	13.589
Karfi	2.592	183	473.481	1,28%	6.061
Annað	158.530	0	0	1,28%	0
Samtals	179.375		4.202.555		53.793

Grindavíkurhöfn					
	Magn (tonn)	Verðlagsstofu- verð (kr./kg.)	Samtals (þús.kr.)	Aflagjalds%	Aflagjöld (þús.kr.)
Þorskur	15.486	264	4.088.304	1,60%	65.413
Ýsa	3.805	214	814.270	1,60%	13.028
Ufsi	4.764	136	647.904	1,60%	10.366
Karfi	4.052	183	740.179	1,60%	11.843
Annað	17.133	0	0	1,60%	0
Samtals	45.240		6.290.657		100.651

Ef allur fiskur fer á markað*

Fjarðabyggðarhafnir					
	Magn (tonn)	Markaðsverð (kr./kg.)	Samtals (þús.kr.)	Aflagjalds%	Aflagjöld (þús.kr.)
Þorskur	11.499	324	3.725.676	1,26%	46.944
Ýsa	1.556	277	431.012	1,26%	5.431
Ufsi	3.105	194	602.370	1,26%	7.590
Karfi	1.276	227	290.162	1,26%	3.656
Annað	239.960	0	0	1,26%	0
Samtals	257.396		5.049.220		63.620

Vestmannaeyjahöfn					
	Magn (tonn)	Markaðsverð (kr./kg.)	Samtals (þús.kr.)	Aflagjalds%	Aflagjöld (þús.kr.)
Þorskur	8.636	324	2.798.064	1,28%	35.815
Ýsa	1.811	277	501.647	1,28%	6.421
Ufsi	7.806	194	1.514.364	1,28%	19.384
Karfi	2.592	227	589.421	1,28%	7.545
Annað	158.530	0	0	1,28%	0
Samtals	179.375		5.403.496		69.165

Grindavíkurhöfn					
	Magn (tonn)	Markaðsverð (kr./kg.)	Samtals (þús.kr.)	Aflagjalds%	Aflagjöld (þús.kr.)
Þorskur	15.486	324	5.017.464	1,60%	80.279
Ýsa	3.805	277	1.053.985	1,60%	16.864
Ufsi	4.764	194	924.216	1,60%	14.787
Karfi	4.052	227	921.425	1,60%	14.743
Annað	17.133	0	0	1,60%	0
Samtals	45.240		7.917.090		126.673


*Hafa ber í huga að hér eingöngu reiknað út breytingar fyrir þorsk, ýsu, ufsa og karfa. Ekki er tekið tillit til annarra fisktegunda.

Heimild: Fiskistofa og KPMG greining


© 2012 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative ("KPMG International"), svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Áhrif Breyting á aflgjöldum á völdum fisktegundum eftir landshlutum


Norðvestur




Norðaustur



Suðvestur



Suðaustur



Um fiskmarkaði

Líkleg áhrif ef fiskur fer á markað

Er líklegt að hærra verð haldist ef allur afli fer á markað?

- Það getur haft veruleg áhrif á hafnargjöld ef allur afli færi í gegnum uppboð á fiskmarkaði.
- Erfitt er að segja með vissu hvernig verð myndi þróast fari allur fiskur um uppboðsmarkað.
- Framboð eykst verulega en að sama skapi bætist við eftirspurn sem er ekki til staðar nú á mörkuðum.
- Verðmyndun verður gagnsærri og skilvirkni markaða eykst, staða seljenda og kaupenda jafnast.
- Miðað við núverandi stöðu virðist að staða seljenda sé sterkari en kaupenda, í ljósi þess að eftirspurn er meiri en framboð.
- Ef staða seljenda og kaupenda á markaði jafnast má leiða líkur að því að verð lækki.
- Við núverandi aðstæður hafa jaðaráhrif meiri áhrif á verðmyndun heldur en ef allur fiskur á markað. Þ.e.a.s. sumir fiskframleiðendur eru reiðubúnir að borga hátt einingarverð á tiltölulega litlu magni til að fullnýta framleiðslugetu sína.
- Á mótí kemur að stöðugt framboð á fiskmarkaði gæti aftur aukið eftirspurn vegna nýrra kaupenda.

Næmnigreining

- Næmnigreiningin inniheldur eingöngu breytingu í verði og magni á þorski, ýsu, karfa og ufsa.
- Aflgjald þorsks, ýsu, karfa og ufsa samanlagt eru 1.358 m.kr. af þeim 2.099 sem heildaraflgjaldið yrði ef þessar tegundir færu í gegnum fiskmarkað, miðað við þær forsendur sem lagt er upp með í þessari skýrslu.
 - Ef verð á öllum tegundum hækkar t.d. um 10% og annað stæði óbreytt yrði aflgjaldið 1.493.610 þús.kr. og á sama hátt ef magn lækkar um 10% og annað stæði óbreytt yrði aflgjaldið 1.222.033 þús.kr.

Breytingar á lykilorðum fyrir næmnigreiningu

- Hér eru settar fram breytingar á lykilorðum sem stuðst er við að reikna út næmni. Efri taflan sýnir breytingu í verði og neðri taflan sýnir breytingu í magni.

Breyting á verði					
kr.kg.	-10%	-5%	0%	5%	10%
Þorskur	292	308	324	340	356
Ýsa	249	263	277	291	305
Ufsi	175	184	194	204	213
Karfi	205	216	227	239	250

Breyting á magni					
Tonn	-10%	-5%	0%	5%	10%
Þorskur	161.838	170.829	179.820	188.811	197.802
Ýsa	42.242	44.589	46.936	49.283	51.630
Ufsi	48.285	50.968	53.650	56.333	59.015
Karfi	40.879	43.150	45.421	47.692	49.963
Samtals	293.244	309.536	325.827	342.118	358.410

Næmnigreining (þús.kr.)

		Breyting á verði				
		-10%	-5%	0%	5%	10%
Breyting á magni	-10%	1.099.824	1.160.929	1.222.033	1.283.138	1.344.243
	-5%	1.160.929	1.225.428	1.289.928	1.354.427	1.418.926
	0%	1.222.033	1.289.928	1.357.822	1.425.716	1.493.610
	5%	1.283.138	1.354.427	1.425.716	1.497.005	1.568.294
	10%	1.344.243	1.418.926	1.493.610	1.568.294	1.642.977

Heimild: KPMG greining

Útsvar

Áhrif á útsvar

Almennt

- Útsvar er lögbundin tekjustofn sveitarfélaga sem lagður er á launatekjur íbúa viðkomandi sveitarfélags. Sveitarfélög ákveða í upphafi hvers árs hver útsvarsprósantan skuli vera. Útsvar má þó aldrei vera lægra en 12,44% né herra en 14,48%.
- Það er nokkrum vandkvæðum bundið að meta með nákvæmum hætti hver áhrif af herra aflaverðmæti myndu hafa á útsvar. Þau vandkvæði stafa aðallega af því hversu hagskýrslugerð á Íslandi er ábótavant. Það eru til að mynda ekki til opinberar upplýsingar um laun sjómanna og ekki er hægt að nálgast upplýsingar um útsvarstekjur einstakra sveitarfélaga eða svæða eftir atvinnugreinum.
- Ofangreind atriði er nauðsynlegt að hafa í huga þegar lagt er mat á mögulega breytingu á útsvarstekjum sveitarfélaga.
- Ekki hefur verið lagt mat á áhrif á tekjuskatt en færa má rök fyrir því að þau séu umtalsverð.

Forsendur og aðferðafræði

- Gert er ráð fyrir sömu forsendum og við útreikning á breytingum aflagjaldi, þ.e. að allur fiskur hafi annars vegar verið seldur á viðmiðunarverði Verðlagsstofu og hins vegar seldur á uppboðsmarkaði.
 - Við það hækkar aflaverðmæti um 18 ma.kr.
- Laun sjómanna eru að langmestu leyti reiknuð út sem hluti af verðmæti afla.
- Gera má ráð fyrir að hlutur launa af aflaverðmæti sé að jafnaði 38 – 40%. Rétt er að hafa í huga að þetta getur verið mjög mismunandi eftir tegundum og veiðarfærum.
- Hlutfall launa var 38% af aflaverðmæti að meðaltali fyrir flotann árið 2010 skv. upplýsingum frá LÍÚ.
- Meðalútsvarsprósenta hjá sveitarfélögum árið 2011 var 14,41% en 66 af 76 sveitarfélögum leggja á hámarksútsvar.

Útreikningar

- Ef reiknað er með meðalútsvarsprósentu sveitarfélaganna má ætla að útsvarstekjur sveitarfélaganna hefðu verið 1 ma.kr. hærri árið 2011 ef verðmyndun á þessum fjórum tegundum hefði miðast við verð á opnum uppboðsmarkaði.

Hækkun á útsvari

þús.kr.	
Hækkun á aflaverðmæti	18.000
Launakostnaður sjómanna (38%)	6.840
Útsvarstekjur (14,41%)	986



Mynd: Skýrsla Stjórnar Hafnarsambands Íslands 2010-2012

Viðaukaefni

Viðaukaefni

Gögn og upplýsingar

Gögn og upplýsingar

- Mikið er til af margháttuðum upplýsingum um sjávarútveg á Íslandi. Sérstaklega snýr það að þáttum eins og aflamagni, stærð, löndunum og slíkum þáttum.
- Erfiðara er í mörgum tilfellum að afla sér upplýsinga um verðmyndun og slíka þætti. Sérstaklega á þetta við um laun sjómanna en upplýsingar um kaup og kjör eru hvergi teknar saman með heildstæðum hætti.
- Hagstofa Íslands hefur samkvæmt upplýsingum KPMG áform um að fara að taka slíkar upplýsingar saman með skipulögðum hætti.
- KPMG hefur meðal annars byggt á eftirfarandi gögnum og upplýsingum.
 - Hagstofa ; Hagtíðindi og önnur töluleg gögn.
 - Fjárhagsstaða hafna, 2012; Hafnarsamband Íslands.
 - Fjárhagur hafna, 2010-2012; Hafnarsamband Íslands.
 - Úttekt og greining á fjárhagsstöðu hafna, 2011; Hafnarsamb. Íslands.
 - Reiknistofa fiskmarkaða, ýmis töluleg gögn.
 - Fiskistofa.
 - Verðlagsstofa skiptaverðs
 - Alþingi; lög og reglugerðir.
 - Samband ísl. Sveitarfélaga, uppl. um útsvar.

Hafnarlög nr. 61/2003

[e. Aflagjald af sjávarafurðum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfnum. Sé gjaldið innheimt skal það vera minnst 1,25% og mest 3% af heildaraflaverðmæti. Þó skal gjaldið vera minnst 0,70% af heildaraflaverðmæti frystra sjávarafurða. Sjávarafurðir eru sjávarafli, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápdýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla.]¹⁾

Hafnargjald samkvæmt þessum tölulíð skal standa undir kostnaði við að byggja, reka, viðhalda og endurnýja viðlegumannvirki, dýpkanir og legu í höfn, aðstöðu við bryggjur og á hafnarbakka, hafnarbáta og hafnsögu þar sem það á við. Skipstjóra, útgerðarmanni og eiganda skips ber að greiða til hafnar gjöld [skv. a-, c-, d- og e-lið]¹⁾ en móttakandi vöru sem kemur til hafnar og sendandi vöru sem flutt er úr höfn greiða gjöld skv. b-lið. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal farmflytjandi sjá um innheimtu á gjöldum skv. b-lið hjá sendanda og móttakanda, eftir því sem við á, og standa höfn skil á þeim.

Lög um skiptaverðmæti sjávarafla 24/1986

1. gr. [Þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann. [Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla í þessu sambandi kostnað við kaup á veiðiheimildum.]¹⁾ Þessi hlutfallstala skal hækka eða lækka við breytingar á verði gasolíu til fiskiskipa með hliðsjón af því gasolíuverði í birgðum olíufélaganna sem olíuverðsákvörðun miðast við hverju sinni. Skiptahlutfallið skal hækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala lækkun á birgðaverði gasolíu niður fyrir 109 Bandaríkjadali á tonn fob en lækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala hækkun á birgðaverði gasolíu umfram 133 Bandaríkjadali á tonn fob. Skiptaverðmæti aflans skal þó aldrei vera lægra samkvæmt þessari grein en 70% af heildarverðmæti. Breytingar á gasolíuverði til fiskiskipa skulu miðast við mánaðamót.

Frá og með 1. júní 1987 skal skiptaverðmæti skv. 1. málsl. 1. mgr. hækka í 76% af heildaraflaverðmæti. Frá sama tíma breytist viðmiðun til lækkunar skiptaverðmætishlutfalls skv. 3. málsl. 1. mgr. á þann hátt að hlutfallstalan lækki um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala hækkun á birgðaverði gasolíu umfram 145 Bandaríkjadali á tonn fob.]²⁾

4. gr. [Þegar seldur er afli fiskiskips sem frystir bolfisk um borð, heilan eða flakaðan, er skiptaverðmætið 74,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta skiptahlutfall skal þó vera 69% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

Viðaukaefni

Heildartekjur og aflagjöld eftir höfnum byggt á verði fiskmarkaða

Heildartekjur og aflagjald eftir höfnum byggt á verði fiskmarkaða

Höfn (m.kr.)	Heildar- tekjur	Hækkun afla- verðmætis*	Heildarafla verðmæti	Aflagjalds- prósenta	Hækkun aflagjalds	Aflagjald eftir hækkun
Faxaflóahafnir	2.451	3.245	24.001	1,27%	41,2	304,8
Fjarðabyggðarhafnir	704	1.025	19.612	1,26%	12,9	247,1
Vestmannaeyjahöfn	440	1.201	16.076	1,28%	15,4	205,8
Grindavíkurhöfn	176	1.626	9.658	1,60%	26,0	154,5
Hafnir Snæfellsbæjar	176	1.266	8.804	1,60%	20,3	140,9
Hafnarfjarðarhöfn	412	563	6.343	1,27%	7,2	80,6
Hornafjarðarhöfn	147	389	4.471	1,60%	6,2	71,5
Hafnasamlag Norðurl.	292	1.151	4.970	1,60%	18,4	79,5
Hafnir Fjallabyggðar	87	905	4.630	1,60%	14,5	74,1
Bolungarvíkurhöfn	78	654	4.210	1,60%	10,5	67,4
Hafnir Ísafjarðarbæjar	129	760	4.480	1,50%	11,4	67,2
Sandgerðishöfn	95	774	3.780	1,60%	12,4	60,5
Vopnafjarðarhöfn	88	38	3.366	1,40%	0,5	47,1
Þorlákshöfn	118	801	4.065	1,40%	11,2	56,9
Grundarfjarðarhöfn	74	530	3.616	1,39%	7,4	50,3
Skagafjarðarhafnir	75	567	3.217	1,60%	9,1	51,5
Hafnir Dalvíkurbyggðar	67	612	3.168	1,60%	9,8	50,7
Skagastrandarhöfn	54	632	3.145	1,60%	10,1	50,3

Heildartekjur og aflagjald eftir höfnum byggt á verði fiskmarkaða frh.

Höfn (m.kr.)	Heildar- tekjur	Hækkun afla- verðmætis*	Heildarafla verðmæti	Aflagjalds- prósenta	Hækkun aflagjalds	Aflagjald eftir hækkun
Reykjaneshöfn	280	289	2.370	1,6%	4,6	37,9
Hafnir Langanesbyggðar	74	99	2.242	1,4%	1,4	31,4
Hafnir Norðurþings	70	362	2.143	1,6%	5,8	34,3
Hafnir Vesturbyggðar	96	285	1.917	1,6%	4,6	30,7
Seyðisfjarðarhöfn	63	236	1.673	1,6%	3,8	26,8
Djúpavogshöfn	34	298	1.548	1,6%	4,8	24,8
Stykkishólmshöfn	33	122	935	1,6%	2,0	15,0
Breiðdalshöfn	17	133	783	1,6%	2,1	12,5
Tálknafjarðarhöfn	17	111	605	1,6%	1,8	9,7
Hólmanvíkurhöfn	15	64	418	1,3%	0,8	5,4
Borgarfjarðarhöfn	11	34	203	1,6%	0,5	3,2
Súðavíkurhöfn	9	31	181	1,6%	0,5	2,9
Reykholahöfn	7	0	125	1,6%	0,0	2,0
Kópavogshöfn	5	11	103	1,2%	0,1	1,2
Hvammstangahöfn	5	9	65	1,6%	0,1	1,0
Vogahöfn	3	0	0		0,0	0,0
Blönduóshöfn	1	0	0	1,6%	0,0	0,0
Samtals	6.401	18.825	146.923		277,3	2099,4



cutting through complexity™

© 2012 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative (“KPMG International”), svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn, kennimark og “cutting through complexity” eru skráð vörumerki KPMG International Cooperative (“KPMG International”).